

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

**Umhverfisstofnun**  
Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland  
• (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010  
[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)  
[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Reykjavík, 27. júlí 2006  
Tilvísun: UST20060700066/bs

### **Miðhúsabraut á Akureyri. Matsskylda.**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 12. júlí sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000.

#### **Framkvæmdalýsing**

Framkvæmdin felst í lagningu um 1850 m langrar tengibrautar (Miðhúsabrautar) frá Hlíðarbraut að gatnamótum við Mýrarveg. Samkvæmt tilkynningu framkvæmdaraðila er markmið framkvæmdarinnar að bæta tengingar við Naustahverfi og draga úr og dreifa betur umferð sem aukist hefur um aðliggjandi hverfi. Við framkvæmdina þarf að gera breytingar á gatnamótum Þingvallastrætis, Súluvegar og Hlíðarbrautar.

#### **Náttúruverndarsvæði**

Norðan við Mjólkursamlag mun Miðhúsabraut tengjast Hlíðarbraut sem liggur yfir Glerárgil. Glerárgil er á náttúrumínjaskrá, sbr. eftirfarandi lýsingi í skránni:

**Glerárgil, Akureyri, Glæsibæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu.** (1) Árgil Glerár frá Bandagerðisbrú við Sólvelli, upp gilið að ármótum Glerár og Hlífár. (2) Gróðurriktil gil, skógarlundir, fjölbreyttar árrofsmýndanir, fossar, skessukatlar og skútar. Söguminjar. Í tilkynningu um framkvæmdina segir að breytingar verði gerðar á gatnamótum Miðhúsabrautar, Súluvegar og Hlíðarbrautar austan Glerár, en ekki sé gert ráð fyrir að framkvæmdin muni hafa áhrif á Glerárgil, þar sem aðeins verði gerðar breytingar á götum sunnan brúarinnar sem liggur yfir Glerá. Jafnframt kemur fram að ekkert svæði sem fari undir Miðhúsabraut sé á náttúrumínjaskrá.

Miðað við framangreint mun lagning Miðhúsabrautar ekki hafa bein áhrif á það svæði sem er á náttúrumínjaskrá en Umhverfisstofnun vekur athygli á að ekkert kemur fram í tilkynningu framkvæmdaraðila um meðhöndlun ofanvatns, sbr. athugasemd hér að neðan.

#### **Efnistaka**

Í tilkynningu um framkvæmdina kemur fram að gróflega áætlað sé efnispörf vegna framkvæmdarinnar 60 þús. m<sup>3</sup>. Gert er ráð fyrir að um 52 þús. m<sup>3</sup> efnis falli til við skeringar í

vegstæðið og að um 5 þús. m<sup>3</sup> efnis verði sóttir í námur sem eru í rekstri. Mögulegar námur eru Þverá, að Björgum og Eyjafjarðará.

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að efnistaka verði í samræmi við staðfest svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018. Vegna hugsanlegrar efnistöku úr Eyjafjarðará vekur Umhverfisstofnun athygli á að óshólmars Eyjafjarðarár, ásamt fjörum og flæðimýrum beggja vegna árinna suður á móts við suðurodda Staðareyjar, eru á náttúruminjaskrá og því skylt að leita umsagnar Umhverfisstofnunar um efnistöku innan þess svæðis, sbr. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Stofnunin bendir jafnframt á mikilvægi þess að efnistaka sé í samræmi við VI. kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

### **Ofanvatn af vegi**

Umhverfisstofnun vekur athygli á að í tilkynningu um framkvæmdina kemur ekkert fram um meðhöndlun ofanvatns. Stofnunin telur nauðsynlegt að gerð verði grein fyrir meðhöndlun ofanvatns.

### **Hljóðvist**

Í gögnum um framkvæmdina eru hljóðvistarkort sem byggð eru á niðurstöðum umferðarspár fyrir Dalsbraut og Miðhúsabraut. Hljóðvistarútreikningar miðast við eldri útfærslu Miðhúsabrautar nær Lundarhverfi. Samkvæmt þeim útreikningum fer hljóðstig yfir viðmiðunarmörk við hús í Lundarhverfi, miðað við bæði skammtíma- og langtímaspá, sbr. myndir 4-7 í tilkynningu framkvæmdaraðila. Í tilkynningu framkvæmdaraðila segir m.a. að nú sé gert ráð fyrir að lega brautarinnar verði ofan (vestan) við Mjólkursamlag og því megi gera ráð fyrir að áhrif á hljóðvist í íbúðarbyggð við vestari hluta Miðhúsabrautar verði minni en útreikningar gera ráð fyrir. Þar kemur jafnframt fram að með hljóðvörnum, allt að 2 m háum veggjum og mönum meðfram Miðhúsabraut, sé hægt að ná hljóðstigi niður fyrir viðmiðunarmörk ef þörf er á.

Umhverfisstofnun telur að liggja verði ljóst fyrir hvert hljóðstig verði eftir lagningu Miðhúsabrautar miðað við umferðarspár. Því hefði að mati stofnunarinnar átt að uppfæra hljóðvistarútreikninga miðað við þá legu Miðhúsabrautar sem nú er gert ráð fyrir og gera grein fyrir hljóðstigi við einstök hús. Jafnframt þarf að gera grein fyrir hvort og þá hvar þörf er á mótvægiságerðum vegna hávaða. Í tilkynningu um framkvæmdina segir að þegar hafi farið fram mikið samráð í tengslum við framtíðarlegu tengibrauta í og við Lundarhverfi. Ekki kemur fram hvort haft hefur verið samráð við íbúa vegna hljóðvarna. Stofnunin bendir á að helstu áhyggjur almennings vegna nýrra vega lúta að hljóðvist og því mikilvægt að almenningur, íbúar og eigendur viðkomandi húsa fái tækifæri til að kynna sér áhrif framkvæmdarinnar og koma að athugasemdum við hana. Þær aðgerðir sem fyrirhugaðar eru geta verið ósættanlegar fyrir þá íbúa sem málið varðar og valdið miklum sjónrænum áhrifum. Umhverfisstofnun telur þess vegna mjög mikilvægt að hljóðvarnir séu hannaðar og kynntar íbúum áður en ákvörðun liggar fyrir enda þekkt að samspil útsýnis og hljóðvistar á upplifun íbúa er flókið. Tryggja verður hljóðvist sem uppfyllir kröfur en um leið virða rétt íbúa á útsýni og öðrum réttmætum notum af eignum sínum.

Í tilkynningu um framkvæmdina kemur fram að gera megi ráð fyrir lítils háttar áhrifum á hljóðvist vegna umferðar um brautina við nyrðri hluta golfvallarins, sem liggar næst Miðhúsabraut. Umhverfisstofnun vekur athygli á að halda ber hljóðstigi á útvistarsvæðum í þéttbýli innan við 55 dB(A). Tryggja verður að hljóðstig verði innan viðmunarmarka reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða.

## Sjónræn áhrif

Í tilkynningu um framkvæmdina er ekki sérstök umfjöllun um sjónræn áhrif framkvæmdarinnar en að mati Umhverfisstofnunar eru sjónræn áhrif einn af þeim þáttum sem einna mikilvægast er að gera fullnægjandi grein fyrir, sbr. athugasemdir við hljóðvist hér að framan.

## Frágangur


Í tilkynningu um framkvæmdina kemur fram varðandi frágang að reynt verði að lágmarka rask á gróðri og jarðvegi og hafa vegskeringar ekki opnar lengur en nauðsyn krefur. Jarðvegur sem ruddur verður af yfirborði vegstæðis verður geymdur og nýttur við lokafrágang eins og unnt er. Sáð verður í raskað svæði utan við malaraxlir vegarins.

Miðhúsabraut mun liggja um svokallaða Smáhóla, en þar má búast við töluberðum vegskeringum vegna fyrirhugaðrar legu tengibrautarinnar. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að vegskeringar verði hannaðar sérstaklega, samhliða veghönnun og að lögð verði fram áætlun um frágang skeringa eins og um námur væri að ræða, til að tryggja að þær verði ekki til lýta í landi. Ganga verður frá skeringum þannig að þær falli sem best að landinu umhverfis þær og nauðsynlegt er að sáð verði í raskað svæði.

## Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að gerð verði frekari grein fyrir hljóðvist vegna fyrirhugaðrar tengibrautar og fyrirhuguðum mótvægisadgerðum, sbr. athugasemdir hér að framan, sem og meðhöndlun ofanvatns áður en stofnunin tekur afstöðu til matsskyldu framkvæmdarinnar.

Vírðingarfyllst

  
Björn Stefánsson

  
Sigurrós Friðriksdóttir